

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Krossanesi



Dags eftirlits	18.9.2015	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST	
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	540523,391 578828,293

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Skeljungs á Krossanesi, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um, frá því síðasta eftirlit fór fram. Ekki eru gerðar athugasemdir við skráningar í rekstrarhandbók. Það vantaði þó kvittanir vegna hreinsunar og losunar olíuskilju og sendi rekstraraðili sendir eftirlitsaðila afrit af kvittunum, með tölvupósti þann 21. september sl.

Kannað var hvort að olíuleifar myndu í fráveituvatni frá olíuskiljunum með olíuprófi (Macherey-Nagel). Engin olía greindist í sýnunum. Stöðin stenst því ákvæði 2.4 í starfsleyfi en þar segir að olía í frárennsli stöðvarinnar megi ekki vera meira en 15 mg/kg.

Allar lagnir hafa verið þrýstiprófaðar á síðustu fimm árum og stóðust þær prófanir. Næstu þrýstiprófanir eiga að fara fram á næsta ári, fyrir bensín á plan, gasolíu á plan, litaða gasolíu á plan og skipagasolíu á plan. Allir geymar hafa verið þykktarmældir á síðustu 10 árum og eiga næstu mælingar að fara fram árið 2018

Búið er að dreina ofan við stærstu lekaþróna. Uppsöfnun vatns í þrónni er því ekki lengur vandamál. Nýjir lokar hafa verið settir upp í sýnatökubrunnum við olíuskilju. Þeir eru rafstýrðir og loka sjálfvirk fyrir skiljuna, nemi þeir olíu í brunnum. Opna þarf handvirk fyrir lokana aftur.

Bensín er geymt í stöðinni. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokkgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirliggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufueyðingarbúnað.

Stöðin í Krossanesi hefur ekki gufueyðingarbúnað.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar sjónskoðaðir. Einnig voru lekavarnir (þró) og olíuskiljur skoðaðar. Lokar í frárennsli eru rafstýrðir og stóðu lokaðir.

Áfyllingarplan var skoðað. Það hefur verið stækkað til suðurs svo að aðgengi áfyllingarbíla er mun auðveldara. Girðingar og hlið voru í lagi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin óhöpp hafa orðið að sögn rekstraraðila.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.


ANNAÐ

Bent var á að sækja þarf un endurnýjun starfsleyfis í tíma en núverandi leyfi rennur út 31. janúar 2018.

Tveir geymar voru botnþykktarmældir á árinu. Geymir merktur B208 var í ágætu ásigkomulagi hvað varðar botnplötur og fyrsta umfar en málning er farin að flagna og töluvert er um tæringarpolla á botnplötum en málning er órofin á þeim stöðum. Geymir merktur B205 er í mjög góðu lagi hvað varðar

fyrsta umfar og botnplötur.

Reykjavík, 18.09.2015



Guðbjörg Stella Árnadóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.